

## Viðbragðsleiðbeiningar - grunur um lögbrot

---

### Viðbragðsleiðbeiningar Menntaskólans á Akureyri ef upp kemur rökstuddur grunur um lögbrot innan skólans og/eða á viðburðum/ferðum á vegum skólans

Þessar viðbragðsleiðbeiningar lýsa fyrstu viðbrögðum ef upp kemur rökstuddur grunur um lögbrot innan skólans og/eða á viðburðum/ferðum á vegum skólans og eru til viðbótar við áætlun um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi í Menntaskólanum á Akureyri.

Þessar leiðbeiningar byggja á almennum viðbragðsleiðbeiningum Menntaskólans á Akureyri, sjá [Viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar | Menntaskólinn á Akureyri \(ma.is\)](#)

1. Stöðvið atburðarás ef við á (mismunandi eftir eðli atburðar)
2. Stígið ekki inn í hættulegar aðstæður
3. Hringið í 112 ef lögbrotið er þess eðlis að strax þurfi að kalla til lögreglu og/eða sjúkrabíl
4. Tilkynnið brotið til skólameistara sem hefur samband við lögreglu hafi það ekki verið gert
5. Hafið samband við stoðteymi skólans. Veitið þolendum sálrænan stuðning eins og þið treystið ykkur til þar til sérfræðiaðstoð berst. Mikilvægt er að mismunandi aðilar sinni þolendum og gerendum
6. Skólameistari kallar neyðarstjórn skólans saman á fund. Fyrsti fundur ætti að vera stuttur, þar sem verkum er skipt og fyrstu aðgerðir skólans ákveðnar
7. Ef þolendur eru ólöggráða hefur skólinn samband við barnavernd
8. Ef gerendur eru ólöggráða hefur skólinn samband við barnavernd
9. Ef þolendur og/eða gerendur eru ólöggráða er haft samband við forráðafólk þeirra
10. Öll samskipti við lögreglu og fjölmiðla eru í höndum skólameistara
11. Meintir gerendur sækja ekki skóla meðan á frumrannsókn lögreglu stendur yfir. Þeim er boðið upp á tiltekna þjónustu af hálfu skólans s.s. námsráðgjöf og ráðgjöf skólahjúkrunarfræðings sem kemur málum í viðeigandi farveg. Ef meintur gerandi er úr hópi starfsfólks fer viðkomandi í leyfi meðan á frumrannsókn lögreglu stendur
12. Gætið þagmælsku og tryggið eftir föngum að ekki fari órökstuddar fréttir af atburðinum milli fólks
13. Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu.